



## Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 82. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 1. apríl 2020, kl. 14:00.**

### Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps, Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

### 1. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Taka þarf ákvörðun um næstu skref í fyrirhuguðu samráðsferli við helstu hagsmunaaðila. Fyrir fundinum lágu drög að bréfi til hagsmunaaðila í samræmi við samþykkt ferli svo og drög að lista yfir slíka aðila.

*Ein breytingatillaga við bréfið: 4. Vélknúin umferð: Í dag er vélknúin umferð óheimil í Vonarskarði, nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Ætti að leyfa vélknúna umferð eða halda óbreyttu ástandi? Ef hún væri leyfð, hvar ætti hún þá að fara um skarðið og á hvaða tíma? Tillagan samþykkt samhljóða. Frestur fram á föstudag til að senda inn athugasemdir við hagsmunaaðilalistann, þjóðgarðsverði falið að senda bréfin út til þeirra sem eru á listanum nk. mánudag. í framhaldinu verður auglýst opið eftir athugasemdum. Stefnt að því eftir páska. Þjóðgarðsverði er falið að annast það í samráði við starfsfólk þjóðgarðsins.*

### 2. Vegir og- vegslóðar Vatnajökulsþjóðgarðs - 1811001

Stjórn beinir því til svæðisráða að hefja vinnu við að meta ástand vega- og slóða á hverju svæði þjóðgarðsins og forgangsraða varðandi þörf á viðhaldi og hvar þurfi að beita tímabundnum lokunum.

*Þjóðgarðsverði falið að halda áfram vinnu við þennan hluta endurskoðunar Stjórnunar- og verndaráætlunar og taka saman skrá yfir vegi og slóða í hverju sveitarfélagi með athugasemdum fyrir næsta fund.*

### 3. Nýidalur - drög að deiliskipulagi skálasvæðis - 1911003

Deiliskipulag fyrir Nýjadal, staða mála.

*Endanlegt deiliskipulag fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, uppdráttur, greinargerð og svör við innsendum athugasemdum sem bærust hafa verið send til skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita og óskað eftir að málið fái lokaafgreiðslu í skipulagsnefnd á næsta fundi sem boðaður er 8. apríl nk.*

#### 4. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar, næstu skref.

*Kallað eftir frekari athugasemdum frá svæðisráði ef einhverjar eru, á þessu stigi, fyrir 14. apríl. Þjóðgarðsvörður tekur saman athugasemdir og vinnur skjalið áfram fyrir næsta fund. Sendir einnig handbókina um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar á svæðisráðsfulltrúa.*

Næsti fundur í svæðisráði vestursvæðis 13.maí. kl.14:00

**Fundargerð ritaði:** Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 15:30.